

Verkefnalisti Staðardagskrár 21 í Mosfellsbæ fyrir árið 2016

FRAMVINDA VERKEFNA

Framvinda verkefna 2016 ásamt stuttum skýringum, unnið út frá svörum við fyrirspurnarlista sem lagður var fyrir forstöðumenn sviða og stofnana í Mosfellsbæ

Grænn litur merkir JÁ - þau mál sem unnið var að á árinu 2016

Gulur litur merkir Í VINNSLU - þau mál sem eru í vinnslu en ólokið á árinu 2016

Rauður litur merkir NEI - þau mál sem ekki var unnið að á árinu 2016

Umhverfismál

- Stefnt verði að því að tryggja að framboð svæða til matjurtaræktunar verði nægjanlegt til að mæta óskum íbúa.
(Nægt framboð var af matjurtargörðum sumarið 2016)
- Upplýsingar um grenndarstöðvar, gámastöð Sorpu og aðrar flokkunarleiðir verði aðgengilegar fyrir almenning, s.s. á heimasíðu bæjarins.
(Er til staðar undir „Þjónusta > Umhverfi > Endurvinnsla“)
- Fram fari sérstakt hreinsunaráttak á byggingarsvæðum til að tryggja góðan frágang og koma í veg fyrir slyshættu.
(Hreinsunaráttak byggingafulltrúa í Leirvogstungu og Helgafellshverfi)
- Stefnt verði að tvöföldun fráveitulagna þar sem mögulegt er og kannaðir verði möguleikar á frekari hreinsun regnvatnsfrárennslis.
(Engin endurnýjun fráveitulagna í gangi á einföldum kerfum, en tvöföldun verður skoðuð ef til endurnýjunar kemur. Regnvatnsfráveita hreinsuð frá Helgafellshverfi, Ásum og löndum, og frá Leirvogstungu)

Náttúruvernd og útivist

- Fram fari reglubundin úttekt á öryggi og ástandi leiktækja og leiksvæða í bænum.
(Árlega ástandsskoðun fór fram í apríl og maí, vottuð úttekt löggilds vottunaraðila á hluta leiktækja)
- Leitað leiða til að hætta notkun eiturefna í umhirðu gróðurs.
(Notkun eiturefna í garðyrkju nánast engin)
- Áfram verði unnið að friðlýsingu náttúruvætta og gerð friðlýsingaráætlun Mosfellsbæjar.
(Unnið að merkingu friðlýstra svæða og að fá sérstakt fjármagn til uppbyggingar og viðhalds friðlýstra svæða)

- Unnið verði áfram að uppsetningu útikennslusvæða til afnota fyrir skóla í Mosfellsbæ.
(Útikennslusvæði til staðar fyrir skóla bæjarins og brugðist við ef óskir koma um aðstoð við uppsetningu eða endurbætur á útikennsluáðstöðu)
- Upplýsingar um útivistarsvæði og náttúruperlur í Mosfellsbæ verði bættar og gerðar aðgengilegri almenningi.
*(Góðar upplýsingar um útivistarsvæði, friðlýst svæði, gönguleiðir á kortasjá Mosfellsbæjar)
Mætti bæta við betri sértækum upplýsingum á heimasíðu eða bæklingagerð.*
- Áfram verði unnið að uppbyggingu útivistarsvæða í Mosfellsbæ, jafnt í dreifbýli sem og í nálægð við þéttbýli.
(Unnið að opnun Meltúnsreits fyrir almenning, uppbygging á Stekkjarflöt, nýtt leiksvæði við Víðiteig).

Umhverfismennt

- Ferðapjónustuaðilar verði upplýstir um markmið Staðardagskrár 21 og hvattir til að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi í sinni starfsemi.
(Samskipti við Eskimos vegna aksturs á slóðum)
- Áherslur Mosfellsbæjar á náttúru og útivist verði sýnilegar ferðamönnum, með útgáfu, fræðslu á heimasíðu, skiltum og merkingum.
(Undirbúningur merkinga á friðlýstum svæðum, prentun gönguleiðakorts sem er aðgengilegt, upplýsingar um útivistarsvæði á kortavefsjá)
- Umhverfisfræðsla verði aukin til íbúa með bættri upplýsingagjöf .
(Uppsetning á kortasjá á vef, opin fundur umhverfisnefndar, vatnsverndarbæklingur)
- Í vinnuskóla Mosfellsbæjar verði gerð áætlun um umhverfisfræðslu.
(Var ekki gert, en er fyrirhugað árið 2017)

Samgöngur og skipulag

- Fyrirtæki og stofnanir bæjarins verði hvattir til að setja sér samgöngustefnu til að ná markmiði um að auka hlut vistvænna samgöngumáta í ferðum starfsmanna og þeirra sem nota þjónustuna.
(Var ekki gert með skipulögðum hætti)
- Um leið og íbúar eru hvattir til að ferðast á reiðhjólum verði aðstaða til geymslu reiðhjóla við skólana og aðrar stofnanir bæjarins bætt.
(Hjólreiðastæðum bætt við leikskólann Höfðaberg)
- Áfram verði unnið að gróðursetningum og skipulagningu skjól- og skógarbelta meðfram stofnbrautum, vegum og stígum til skýlingar og til að draga úr vindálagi.
(Gróðurmön sett við Vesturlandsveg hjá Ása- og Landahverfi)

Fræðslu- og menningarmál

- Skólarnir í samstarfi við grenndarsamfélagið og Skógræktarfélag Mosfellsbæjar taki í fóstur svæði út í náttúrunni til uppgræðslu og notkunar fyrir nemendur.
(Skólar sækja um styrki til Yrkjusjóðs um trjáplöntur til gróðursetningar, yngsti árgangur vinnuskóla aðstoðar Skógræktarfélag Mosfellsbæjar við skógræktarstörf.)
- Allir skólar bæjarins verði hvattir til að taka upp Grænfánann
(Varmárskóli og Hulduberg státa af Grænfánanum, og fleiri skólar í Mosfellsbæ eru á Grænni grein, með vinnu í gagni að Grænfánavottun. Skólastjórnendur hvattir til að afla sér Grænfánavottunar)
- Lýðheilsuátaki í grunnskólum og stofnunum Mosfellsbæjar verði fram haldið, s.s. íþróttamiðstöðvum, þar sem lögð verði áhersla á heilsusamlegt matarræði og gildi hollrar hreyfingar.
(Áhersla á lýðheilsu og heilsusamlegt matarræði í skólum, eftirlit með matseðlum skv. viðmiðum, unnið eftir lýðheilsustefnu í íþróttamiðstöðvum)
- Starfsfólk skólastofnana Mosfellsbæjar fái fræðslu um Staðardagskrá 21 á sérstökum fræðslufundum.
(Samskipti við einstaka skólastjórnendur um sjálfbæra þróun, en ekki haldin fræðsluerindi á árinu)
- Sett verði fram heildstæð stefna á menningarsviði sem höfð sé að leiðarljósi í menningarstarfi í Mosfellsbæ.
(Stefna til staðar frá 2012 og horft til í menningarstarfi)

Stjórnsýsla

- Markmið Mosfellsbæjar um sjálfbæra þróun verði aðgengileg á öðrum tungumálum.
(Upplýsingar um markmið sjálfbærrar þróunnar eru aðgengilegar á ensku á heimasíðu mos.is. undir „Þjónusta > Umhverfi > Sjálfbærni“)
- Tryggt sé að til staðar sé virk móttökuáætlun fyrir móttöku innflytjenda í sveitarfélaginu til að flýta fyrir aðlögun þeirra og aðgengi að upplýsingum.
(Var ekki gert)

Íbúalýðræði

- Tryggt verði að starfsemi ungmennaráðs verði virk og sýnileg.
(Umfiöllun um starfsemi ungmennaráðs í Mosfellingi, opinn fundur ungmennaráðs árlega)

Jafnrétti

- Upplýsingar um þjónustu bæjarins séu aðgengilegar á erlendum tungumálum, svo sem ensku og pólsku, til að vinna gegn mismunun.
(Ekki búið að innleiða en undirbúningur í gangi hjá stjórnsýslusviði)

Félags- og fjölskyldumál

- Sjóarmið íbúa séu virt með því að tryggja að þau komi fram við vinnslu mála.
(*Gert með samráði og samtali við viðskiptavini, viðtalstímar, ábendingakerfi*)
- Félagsleg ráðgjöf veiti hjálp til sjálfshjálpar, þar sem einstaklingar og fjölskyldur eru hvattar til frumkvæðis og leiðbeint við að leita leiða úr aðsteðjandi vanda.
(*Ráðgjöf frá starfsfólki fjölskyldusviðs um félagsleg réttindamál og stuðningi*)
- Stuðlað verði að skilvirkri þjónustu þeirra sem að málum fjölskyldunnar koma með reglulegum samráðsfundum fulltrúa þeirra stofnana sem fjölskyldunni þjóna.
(*Samráðsfundir með haldnir með tengdum stofnunum í tengslum við forvarnir, uppeldismál, sambúðarvanda ofl.*)
- Vinna gegn ótta við glæpi og stuðla að aukinni tiltrú almennings og virðingu í garð hvers annars með reglulegum fundum með fulltrúum lögreglu höfuðborgarsvæðisins þar sem staða mála í Mosfellsbæ er kynnt.
(*Reglulegur samráðsfundur Mosfellsbæjar og Lögreglu höfuðborgarsvæðisins*)

Málefni barna og ungmenna

- Haldnir verði reglulegir samráðsfundur fagaðila sem vinna að málum barna og ungmenna í Mosfellsbæ.
(*Samráðsfundir haldnir reglulega með foreldrasamfélagi, skólum, lögreglu og tengdum stofnunum.*)
- Unnið verði gegn vanrækslu og ofbeldi með sérstökum verkefnum til að bregðast við vanda einstakra barna og fjölskyldna þeirra í samræmi við barnaverndarlög.
(*Verkefni gegn heimilisofbeldi og innleiðing Esther matslíkans í barnavernd*)
- Foreldrar séu hvattir til að vera góð fyrirmynd, og stuðla að öruggu og jákvæðu uppeldisumhverfi, s.s. með því að virða útivistartíma barna, leyfa ekki eftirlitslaus samkvæmi og gæta þeirra.
(*Fulltrúi Mosfellsbæjar í SAMAN-hóp um forvarnir, skólar senda áminningu til foreldra varðandi útivistartíma*)
- Samstarf þeirra aðila í bæjarfélaginu sem koma að málefnum barna sé eftt með því að standa fyrir sameiginlegum fræðslu og samráðsfundum.
(*Ungmennaráð Mosfellsbæjar, samstarf með nemendaráðum skóla*)
- Áfram verði lögð áhersla á öflugt forvarnarstarf til þess að draga úr vímuefnaneyslu, afbrotum og einelti.
(*Ráðgjöf starfsfólks fjölskyldusviðs, samstarf við lögreglu og skóla*)

Málefni eldri borgara

- Tryggt verði virkt samráð við félag aldraðra um málefni sem þeim tengjast.
(*Samstarf við FaMos, Öldungaráð Mosfellsbæjar*)

- Stutt verði við þátttöku aldraðra í íþróttum og útivist þar sem hver og einn getur tekið þátt á sínum forsendum.

(*Hafin vinna við að skoða aðgengi aldraðra að íþróttamiðstöðinni við Varmá, nýtt líkamræktartæki á Eirhömrum aðgengilegt eldri borgurum*)

Málefni fatlaðs fólks

- Samráð verði haft við fatlað fólk og hagsmunasamtök þess um málefni þeirra sem búa við fötlun.

(*Reglulegir samráðsfundir*)

Málaflokkur	Já	Í vinnslu	Nei
Umhverfismál	3	0	1
Náttúruvernd og útivist	3	2	1
Umhverfismennt	2	1	1
Samgöngur og skipulag	1	1	1
Fræðslu- og menningarmál	4	1	0
Stjórnsýsla	1	0	1
Íbúalýðræði	1	0	0
Jafnrétti	0	1	0
Félags- og fjölskyldumál	4	0	0
Málefni barna og ungmenna	4	1	0
Málefni eldri borgara	2	0	0
Málefni fatlaðs fólks	1	0	0
Samtals	26	7	5
Samtals %	68,5	18,5	13

Tómas G. Gíslason
umhverfisstjóri
24. janúar 2017